

Alyktun frá landsfundi Kvinnalistsans 1989.

Veruleiki íslenskra kvenna er sá að því fer víðsfjarri að þær njóti raunverulegs sjálfstæðis og geti hagað lífi sínu og störfum í samræmi við eigin óskir og hæfileika. Íslensk löggjöf gerir ráð fyrir jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla. Íslendingar eru einnig aðilar að alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Frelsi kvenna eru hins vegar takmörk sett af ríkjandi hugarfari, sem tekur sjálfstæði karla fram yfir sjálfstæði kvenna.

Þess vegna leggur Kvinnalistinn áherslu á, að:

KONUR VERÐI FJÁRHAGSLEGA SJÁLFSTÆÐAR

Til þess þarf:

- * gagngera uppstökkun á launakerfi þjóðfélagsins út frá nýju mati á verðgildi starfanna,
- * dagvinnulaun, sem a.m.k. duga þeim til framfærslu,
- * endurskoðun skattalaganna til hagsbóta fyrir konur,
- * afnám þess að konur beri gjöld af öðrum tekjum og eignum en þær eru skráðar fyrir,

FELAGSLEGT SJÁLFSTÆÐI KVENNA VERÐI AÐ VERULEIKA

Til þess þarf:

- * styttri og sveigjanlegri vinnutíma m.a. til þess að foreldrar geti rækt skyldur sínar og notið samvista við börn sín,
- * endurskoðun atvinnulífsins út frá sjónarmiðum kvenna og með hagsmuni kvenna í huga,
- * sjálfstæð lífeyrisréttindi allra kvenna.

MÓÐURHLUTVERKIÐ VERÐI VIRT

Til þess þarf:

- * full laun í fæðingarorlofi fyrir konur á vinnumarkaði og fullar viðmiðunargreiðslur fyrir heimavinnandi konur,
- * tryggingu þess, að umönnun barns sé ekki undirrót misréttis, konum sé gert kleift að annast börn sín og það skerði á engan hátt atvinnuréttindi og möguleika kvenna í starfi,
- * að byggja upp dagvistarkerfi þjóðarinnar og gera skólunum kleift að koma til móts við gjörbreyttar aðstæður foreldra og barna.

LÍKAMLEGT SJÁLFSTÆÐI KVENNA VERDI VIRT.

Til þess þarf:

- * harðari viðbrögð við nauðgunum og öðru ofbeldi gegn konum og börnum,
- * atlögu gegn vaxandi klámi í þjóðfélaginu
- * stórauðna fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir

MENNINGARLEGT SJÁLFSTÆÐI KVENNA VERDI VIDURKENNT.

Til þess þarf:

- * virðingu fyrir hefðbundnum störfum kvenna, reynslu þeirra og þekkingu
- * viðurkenningu á reynslu og menningu kvenna sem stefnumótandi afli í þjóðfélaginu,
- * aðstæður þar sem sköpunarþróttur kvenna fái óhindrað notið sín svo að menningararfleifð kvenna geti sífellt orðið uppspretta nýrrar sköpunar.

Þessi atriði telja Kvemnalistakonur nú brýnust í sjálfstæðisbaráttu kvenna, baráttu fyrir fjárhagslegu, andlegu og menningarlegu frelsi kvenna.

04.7

07.14

Alyktun frá landsfundi Kvinnalistans 1989.

A undanförnum árum hefur staða kvenna á vinnumarkaðnum farið versnandi og laun þeirra hafa dregist aftur úr launum karla. Ein af forsendum þess að raunhæfar leiðir finnist til að bæta kjör kvenna er aukin samvinna kvenna í verkalýðshreyfingunni og kvenna með þekkingu og reynslu í stjórnámálum, hagfræði, sagnfræði, félagsfræði og mannfræði svo eitthvað sé nefnt. Í slíkri samvinnu felst að konur skoði, skilgreini og túlki hagtölur, lög, reglugerðir og kjarasamninga í ljósi eigin hagsmuna og komi þeim upplýsingum á framfæri við konur.

Samþykkir landsfundurinn að fela framkvæmdaráði Kvinnalistans að vinna að þessari hugmynd og kynna sér í því sambandi fjármögnunarmöguleika og þær karlastofnanir sem sinna þessu hlutverki fyrir ráðandi karla í samfélaginu s.s. Verslunarráð Íslands.

Ályktun frá landsfundi Kvinnalistans 1989

Kvinnalistinn mótmælir harðlega áformum um endurvinnslu kjarnorkuúrgangs í Dounreay í Skotlandi. Slík endurvinnslustöð yrði geigvænleg ógnun við lífríki sjávar, eina af mikilvægustu auðlindum Íslendinga.

Kvinnalistinn leggur til, að Íslendingar íhugi að hætta algjörlega allri fisksölu til Bretlands þar til fullvíst er, að fallið hafi verið frá öllum áformum um endurvinnslu kjarnorkuúrgangs í Skotlandi.

Ályktun frá landsfundí Kvinnalístans 1989

Landsfundur Kvinnalístans leggur til að innan Byggðastofnunar verði komið á fót sérstakri stofnun deild, sem fjalli um málefni, líf og störf kvenna, Kvinnadeild. Þar starfi eingöngu konur með reynslu af jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf, sem veiti stallsystrum sínum um land allt góð og gild ráð og sjái þeim fyrir upplýsingum og fræðslu eftir þörfum.

Í lögum skal binda, að á næstu 10 árum verði a.m.k. 20% af árlegu framlagi ríkisins til Byggðasjóðs varið eingöngu til Kvinnadeildarinnar, til atvinnusköpunar fyrir konur og til námskeiðahalds og handleiðslu fyrir þær.

Til að undirstrika að hér er um byggðaþróunarverkefni að ræða, er enn fremur lagt til, að umrædd Kvinnadeild Byggðastofnunar, verði sjálfstæð eining, staðsett við útibú Byggðastofnunar á Akureyri.